



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Miðvikudagur

1. júní 2011
22. tbl. · 28. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
SÍMI: 456 3995
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 7-17



Dansaði sig til Íslands

Danskennarinn Henna-Riikka Nurmi vinnur í samstarfi við finnska félag sína að verkefni sem tengir Ísafjarðarbæ við menningarborg Evrópusambandsins í ár gegnum þrjá menningarviðburði. Hefur hún í hyggju að fá sem flesta bæjarbúa og gesti sem eiga leið um bæinn í lið með sér. Í miðopnu segir hún frá verkefninu auk þess sem hún upplýsir hvernig dansinn leiddi hana til Íslands þar sem hún kennir allt frá leikskólabörnum til íbúa á elliheimili.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐinni
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi

Samkaup

úrval

góðir grannar



Grísa "T-bone" steik, krydduð



1.698 kr/kg

Góð kaup!

~~229~~

183 kr stk

Tacosósa 230g
frá Coop

Góð kaup!

~~159~~

127 kr pk

Tacokrydd 40g
frá Coop

Góð kaup!

~~269~~

215 kr pk

Tortilla vefjur 8 stk
frá Coop

Góð kaup!

~~349~~

279 kr pk

Tacoskeljar 135g
frá Coop



Kartöflubátar
391 kr/pk

Icebergsalat **190** kr/kg

50% afsláttur

verð áður 379 kr/kg

Nautafilé, Entrecote



Sælgæti í sólinni! Nautafilé með piparsósu



- 750g nautafilé
- nýmulinn svartur pipar
- 1 tsk smjör • 1 tsk olía
- 1 laukur, saxaður
- 2 tsk piparkorn, niðursoðin, án vökva
- 1 msk fransk sinnep • 2 msk koníak
- 1/4 bolli vatn • 1/2 bolli hrein jógúrt

Setjið smjör og olíu á pönnu og steikið kjötið á öllum hliðum, geymið steikingarsafann.
Setjið kjötið í eldfast mót og bakið í ofni við 200°C í 15-20 mín.
Mýkið laukinn í steikingarsafanum bætið piparkornum, sinnepi, koníaki og vatni á pönnuna, látið malla og þykkna.
Takið pönnuna af hellunni og hrærið jógúrtinni saman við.
Setjið steikina á fat og hellið sósunni yfir.

Góða helgi!

Næst stærsta skemmtiferðaskip sumarsins, MSC Poesia, heimsótti Ísafjörð á sunnudag. Um borð voru tæplega 2500 farþegar og 960 manna áhöfn. „Ófært var á Hesteyri svo sú ferð féll niður en margir fóru til Vigur og í rútuferðir um svæðið. Þá voru margir að skoða bæinn en einhver kom inn á skrifstofu til okkar og sagði að það væri meira fólk á röltinu en á 17. júní. Þannig að það var mikið líf í bænum,“ segir Kristjana Milla Snorradóttir, framkvæmdastjóri Vesturferða sem sér um móttöku skemmtiferðaskipa á Ísafirði.

MSC Poesia í Skutulsfirði



Útskriftarhópurinn ásamt skólameistara MÍ.

Fjölmenn brautskráning frá MÍ

Hvert sæti var fullskipað við á brautskráningarathöfn Menntaskólans á Ísafirði í Ísafjarðarkirkju á laugardag. Að þessu sinni voru 57 nemendur brautskráðir frá skólanum, 33 stúdentar, einn af starfsbraut, tveir sjúkraliðar, einn rafvirkjameistari, ellefu vélstjórar, þrjú vélvirkjar, tveir stálsmiðir og tveir sjúkraliðar. Einnig luku tveir nemendur námi í förðunarfræði. Hefur skólinn þar með brautskráð 65 nemendur á skólaárinu, þar er átta nemendur voru brautskráðir um síðustu jól. Hæsta meðaleinkunn á stúdentsprófi var 9,39 en hana hlaut Sólveig Guðmunda Guðmundsdóttir stúdent af náttúrufræðibraut. Fast á hæla henni var Katrín Sif Kristbjörnsdóttir stúdent af náttúrufræðibraut en meðaleinkunn hennar var 9,37.

Við athöfnina söng kór MÍ undir stjórn Bjarneyjar Ingibjargar Guðmundsdóttur nokkur lög og Bára Jónsdóttir nýstúdent lék einleik á píanó. Fjölmörg verðlaun voru veitt fyrir góðan árangur og ástundun í námi. Einnig

fluttu fulltrúar afmælisárganga ávörp og færðu skólanum gjafir.

Í ræðu Jón Reynis Sigurvinssonar skólameistara kom fram að innritun nýnema lýkur 9. júní. Þegar hafa um 70 grunnskólameimar úr 10. bekk á norðanverðum Vestfjörðum innritast í skólanum og 10 nýir að auki. Nemendatalan mun því haldast nokkuð óbreytt á næsta skólaári og við óbreyttan íbúafjölda verður hún svipuð næstu fimm árin. Eftir það mun verða veruleg fækkun og er þá miðað við óbreyttan íbúafjölda á svæðinu.

Við lok þessa skólaárs lætur Guðmundur Einarsson af störfum en hann hefur starfað við skólann frá því haustið 1989 sem vélstjórnarkennari og deildarstjóri vélstjórnardeildar. Hefur hann starfað við skólann samfelld í 22 ár, lengur en nokkur annar starfsmaður. Var honum færð gjöf frá skólanum og starfsmönnum hans sem þakkilætisvott fyrir afar farsælt og gott samstarf og alúð sem hann hefur sýnt nemendum sínum starfi sínu.

ÍSFIRÐINGAR - NÁGRANNAR GARÐPLÖNTUSTÖÐ ÁSTHILDAR

VIÐ OPNUM SÖLUNA FÖSTUDAGINN 3. JÚNÍ KL. 13:00

MIKIÐ ÚRVAL AF BLÓMUM

FÁIÐ SUMARIÐ BEINT Í ÆÐ HJÁ
GARÐPLÖNTUSTÖÐ ÁSTHILDAR

SALAN VERÐUR OPIN SEM HÉR SEGIR:
ALLA VIRKA DAGA FRÁ 13:00 - 18:00
LAUGARDAGA FRÁ 14:00 - 17:00



**ÓDÝRT -FLJÓTLEGT
PÆGILEGT**

Góður tilbúinn matur fyrir **3-4**
aðeins **998** kr. bakkinn

**PARF
AÐEINS
AÐ HITTA!**



**BÓNUS
HEILSURETTUR**



**BÓNUS
BURRITOS 4 STK**



**BÓNUS
ÍTALSKT LASAGNE**



**BÓNUS
ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR**



129 KR.

EUROSHOPPER HVÍTLAUKSBRAUÐ 2 STK.



**KJARNAFÆÐI: FROSID
SPARHAKK
359 KR. 625g**



**KJARNAFÆÐI: NYTT
KJÖTFARS
259 KR. 620g**



198 KR. PK

FROSIN SMÁBRAUÐ 9 STK.



98 KR. PK

ES HAFRAMJÖL 500g



598 KR.

**ITALIA
EXTRA
VIRGIN OLÍA**



198 KR. 570g

HEINZ TÓMATSÓSA 570g



498 KR.

**FROSIN JARÐARBER 1200g
FROSINIR MAGNÓBITAR 1000g
Tíu boozt-glös m. loki og röri
398 kr.**



**25%
AFSLATTUR**

SAMLOKUOSTUR Í SNEIÐUM
25% afsláttur við kassann Merkt verð 1588 kr./kg.
1191 kr. kg



**Rykkklútar 50 stk. 40 sm.
359 kr.**

Þeir bestu á parketið, dúkinn og flísar. Þrif á vatns. Klúturinn dregur í sig ryk og ló og gefur gólfinu gljáandi og fallega áferð.



29 KR. 85g

EUROSHOPPER NÚÐLUR



59 KR. 33cl

COKE ZERO 33cl



**BÓNUS MARGNOTA BURÐARPOKINN
200 KR. STK.**



195 KR.

Ný stærð 150g í olíu
**DALA
FETA-
OSTUR**

23 KR. HVER ÞVOTTUR
**MILT ÞVOTTAEFNI FYRIR
ALLAN ÞVOTT**
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA - 40 ÞVOTTAR



898 KR. PAKKINN



Goddrykkir í 33cl dósum **69 kr. ds**

Goddrykkir í 33cl dósum **69 kr. ds**



Lífeyrissjóður Vestfirðinga er til húsa í Neista á Ísafirði.

Réttindi sjóðfélaga LV hækka um 0,4%

Lífeyrisréttindi hjá Lífeyrissjóði Vestfirðinga hækka um 3,4% í ár og standa vonir til að hækkingin verði árviss héðan í frá. Þetta kom fram á ársfundi sjóðsins en þar var einnig samþykkt að áunnin réttindi sjóðfélaga verði lækkuð um 3,0%. Í raun hækka því réttindi sjóðfélaga nettó um 0,4% á þessu ári. „Hátt hlutfall örorkulífeyris í útgjöldum lífeyrissjóðsins hefur valdið því, að ávinnsla lífeyrisréttinda sjóðfélaga er og hefur verið minni en ella,“ segir í greinargerð með tillögu stjórnar sjóðsins. Þar kemur fram að tilkoma framlags til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóðanna samkvæmt lögum um tryggingargjald færi sjóðnum fjármuni sem nýstasta eiga til að draga úr þessum áhrifum

og þannig jafna stöðu lífeyrissjóðanna gagnvart örorkubyrði og réttindi sjóðfélaga.

„Í tilviki Lífeyrissjóðs Vestfirðinga myndu tekjur af framlaginu duga til þess að hækka ávinnslu réttinda fyrir sama iðgjald um 6,8%. Væri sú aðferð viðhöfð myndu þeir, sem á liðnum árum hafa gildið hárrar örorkubyrði sjóðsins í minni réttindaávinnslu enga úrbót fá. Sú tillaga sem hér er gerð miðar að til lengri tíma nýtist allt framlagið til samsvarandi aukningar á lífeyrisrétti, þannig að allt iðgjald sem greitt verði til sjóðsins frá og með gildistöku þessarar ákvæðis gefi um 6,8% hæri lífeyri en ella hefði orðið,“ segir í tillögunni.

Stjórn sjóðsins lagði einnig til 3,0% skerðingu núna og ef staða

sjóðsins batnar ekki á árinu 2011 þannig að heildarstaðan verði innan 5% markanna í árslok 2011 þurfi aftur að skerða á næsta ári.

„Heildarstaða sjóðsins er innan venjubundinna vikmarka -10% sem lög kveða á um eða -8,2%. Heildarstaða lífeyrissjóða á að jafnaði að vera innan 5% vikmarka og þarf að ná því marki innan fárra ára. Það verður varla gert nema með skerðingu áunninna réttinda nema afkoma sjóðsins batni,“ segir í greinargerð með tillögu stjórnar lífeyrissjóðsins. „Það er mat tryggingafræðings sjóðsins að æskilegt verði að skerða um allt að 6% til að tryggja að staða sjóðsins verði innan 5% markanna. Best er að ná því marki strax en ekki síðar en innan tveggja ára.“



83 heimili þurftu fjárhagsaðstoð á seinasta ári.

Flestir þiggjendur voru barnlausir karlar

Rúmlega áttatíu heimili þurftu á fjárhagslegri aðstoð að halda frá sveitarfélögum á Vestfirðum á síðasta ári. Þar voru einstæðir karlmenn í meirihluta eða 28 talsins. Því næst komu einstæðar mæður sem voru 20. Hjón eða sambýlisfólk með börn sem þurftu á aðstoð voru 16 talsins. Einstæðar konur voru 14 og einungis tveir einstæðir fedur þurftu á aðstoð að halda og þrjú barnlaus pör. Íbúar á þeim heimilum sem þurftu á aðstoð að halda voru 159, þar af voru 55 yngri en 18 ára. Kemur þetta fram í tölum Hagstofu Íslands um félagsþjónustu sveitarfélaganna en heildarútgjöld þeirra vegna þessa málaflokks yfir allt landið í fyrra jukust um rúman 1,3 milljarð króna.

Árið 2010 fengu 6.910 heimili fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna og hafði heimilum sem þáðu

slíkar greiðslur fjölgað um 916 (15,3%) frá árinu áður. Árið 2009 hafði heimilum sem þáðu slíkar greiðslur fjölgað um 965 (19,2%) frá árinu áður. Árið 2003 þáðu 6.312 heimili fjárhagsaðstoð sveitarfélaga en til ársins 2007 fækkaði þeim jafnt og þétt eða sem nam 32% á öllu tímabilinu.

Fjölmennasti hópurinn árið 2010 sem fékk fjárhagsaðstoð var sem fyrr einstæðir barnlausir karlar (43,6% heimila) og einstæðar konur með börn (27,1% heimila). Á heimilum sem fengu fjárhagsaðstoð árið 2010 bjuggu 11.468 einstaklingar eða 3,6% þjóðarinnar, þar af voru 3.974 börn (17 ára og yngri) eða 5% barna á þeim aldri. Árið 2008 bjuggu 9.097 einstaklingar eða 2,8% þjóðarinnar á slíkum heimilum, þar af voru 3.587 börn eða 4,5% barna. – *thelma@bb.is*

Spurningin

Telur þú að eldgosíð í Vatnajökli hafi góð eða slæm áhrif á ferðapjónustuna?

Alls svöruðu 732.
Góð sögðu 185 eða 63%
Slæm sögðu 111 eða 37%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Vestan 5-10 m/s með skúrum vestanlands en léttir til austanlands. Hiti 6-13 stig. **Horfur á laugardag:** Vestan 5-10 m/s með skúrum vestanlands en léttir til austanlands. Hiti 6-13 stig. **Horfur á sunnudag:** NV-læg átt, 5-13 m/s. Þoku-loft við norðurströndina en annars léttskýjað.

Ritstjórnargrein

Nei, ekki þetta!

Það fer ekki á milli mála að megn óánægja er meðal íbúa Ísafjarðarbæjar með þá ákvörðun bæjaryfirvalda að loka versluninni á Hlíf „í sumar“ að minnsta kosti, á meðan metið verður hvort svo verður endanlega eða ekki. Ekki verður í efa dregið að aðgerða er þörf í rekstri bæjarfélagsins. Hvarvetna í þjóðfélaginu blasir við samdráttur, minnkandi tekjur sveitarfélaga segja svo sannarlega til sín. Þetta kallar á ráðdeildarsemi. Niðurskurður heitir það í daglegu tali. Um þetta er ekki deilt. Það er aftur á móti ágreiningsefni hvernig niðurskurðarhnífnum úttnefnda er beitt. Eins og málin hafa þróast í samfélaginu „eftir hrun“, svo gripið sé til orðalepps, er það mat æði margra að aldraðir hafi nú þegar reitt fram sinn skerf. Meira verði ekki tekið úr þeirra garði.

Fram hjá því verður ekki horft að fyrirvaralaus lokun verslunarinnar á Hlíf veldur tilfinningarótti. Fólki finnst að sér vegið. Það eitt að íbúar á Hlíf geti ekki lengur „skroppið í búðina sína“ á inniskónum og geti sér til gamans velt vöngum yfir því hvort hugurinn gimist eitthvað af því sem í boði er, verður ekki bætt með heimsendingu á mjólk og skyri eða að þessar frumþarfir verði fáanlegar í mótuneytinu. Einfaldlega gengur þetta ekki vegna þess að það verður skoða rekstur verslunarinnar sem þátt í að viðhalda áunnu lífsmynstri fólks. Heimsókn í verslunina heldur uppi sjálfsbjargarviðleitni ein-

staklingsins og stuðlar um leið að mannlegum samskiptum. Með brotthvarfinu eykst tómarúmið sem sífellt sækir á eftir því sem árin færast yfir; ákveðinn þáttur í daglegu amstri er ekki lengur í boði.

Komið hefur fram að sitthvað hefur verið gert til að bæta aðstöðu og umhverfi íbúa Hlífar og auka öryggi þeirra. Úr þessu skal ekki dregið með neinum hætti. Virða skal það sem vel er gert. Með lokun verslunarinnar er blaðinu hins vegar snúið við. Mikilvægur þáttur sem árum saman hefur verið til staðar verður klipptur burt. Má ekki kalla það spor aftur á bak?

Það munar um allt þegar þröngt er í búí. Þrátt fyrir þessi sannindi verður að hafa í huga að auratínslan má ekki undir neinum kringumstæðum hafa óeiningu í för með sér, eins og nú blasir við með lokun verslunarinnar á Hlíf. Slíkar kringumstæður eru óheppilegar litlu samfélagi, sem nú, frekar en nokkru sinni áður, þarf á samstöðu að halda.

Vel má vera í síbreytilegu umhverfi að þeir tímar renni upp að verslunin á Hlíf verði talin með öllu óþörf eða gera megi þar einhverjar breytingar á varðandi reksturinn. Hvað sem tíminn kann að leiða í ljós í þeim efnum verður að sinni að hverfa frá því óyndisúræði að loka versluninni.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. · Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, kte@bb.is · Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson. Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. Abyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X

Landsbankinn lækkar skuldir yfir 30 þúsund viðskiptavina

Kynntu þér nýja skuldalækkun Landsbankans. Við lækkum skuldir einstaklinga og munu yfir 30 þúsund viðskiptavinir njóta góðs af. Þetta gerum við í samræmi við þá stefnu okkar að styðja við endurreisn heimila og atvinnulífs. Við ætlum að vera Landsbankinn þinn.

1 Við endurgreiðum
20% af vöxtun

2 Við lækkum
fasteignaskuldir

3 Við lækkum
aðrar skuldir

Þær aðgerðir sem nú eru kynntar koma til framkvæmda fyrir 1. október 2011. Skilmála og nánari upplýsingar um skuldalækkun Landsbankans má finna á heimasíðu okkar, landsbankinn.is, eða í næsta útibúi Landsbankans.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



JÓNSSON & LEWACE · JHIS · SIA



Mikil gleði á skólamóti

Nemendur, kennarar og starfsmenn Héraðsskólans að Núpi í Dýrafirði komu saman um helgina á fjörutíu ára skólamóti. „Það var gleði alla helgina, mikil ánægja og hlátur út í gegn. Við rifjuðum upp gamlar sögur og atburði sem gerðust á þessum árum og það var ótrúlegt hvað fólk mundi af sögum og sköndum atburðum,“ segir Benedikt H. Benediktsson elsti nemandinn og veislustjóri á mótinu. Haldin var minningarathöfn um látna nemendur, starfsmenn og kennara sem sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson fyrrum nemi á Núpi stýrði. „Þetta var táknrænn atburður og mjög hátíðleg stund. 31 er látinn úr þessum árgangi og var kveikt á kertum fyrir alla er nöfn þeirra voru lesin upp,“ segir Benedikt.

Einnig fóru nemendur og skoðuðu Skrúð undir leiðsögn Bryn-

jólf Jónssonar, fyrrum nemanda við skólann, en hann naut aðstoðar Sæmundar Þorvaldssonar frá Læk. Hápunktur mótsins var svo sameiginlegt borðhald og skemmtun þar sem tæplega 100 manns voru saman komnir. Bjarni Pálsson fyrrum skólastjóri setti samkomuna og með honum mætti eiginkona hans Vilborg Þorleifsdóttir sem einnig var kennari. Þá lét kennarinn Valdimar Gíslason líka sjá sig. Jóhannes Kristjánsson kom fram og hélt kennarafund þar sem hann lék kennarana við mikla lukku áhorfenda.

Síðan endurvöktu Sigurður Björnsson og Benedikt gömlu skólahljómsveitina. „Við lékum þrjú lög, eitt lag sem var samið um þennan hitting og heitir Gamli skólinn og síðan söng Siggi Björns lagið Helvítis blús sem var samið um veruna í skólann,“ segir Benedikt. Að dagskrá

lokinni var slegið upp balli þar sem Gunnlaugur Sigfússon stýrnaði tónlistinni sem öll frá þessum árum. Þeir sem lengst héldu út dönsuðu fram á kl. 7 um morguninn.

Benedikt segir alla helgina hafa verið vel heppnaða, allt frá góðu veðri til góðrar þjónustu. „Þeir bræður, Guðmundur og Sigurður Helgasynir, og allt starfsfólkið á Núpi gerðu allt fyrir okkur og allt stóðst 100%,“ segir hann. Benedikt bendir á síðuna nupari.com sem komið hefur verið á koppinn fyrir Núpverja. „Þar eru skráðir um 210 nemendur og skoða má um 700 gamlar myndir og myndbönd. Þessi skemmtun var tekin upp að mestu leiti og til stendur að klippa hana til og setja afurðina á síðuna þegar hún er orðin klár. Páll Ónundarson var að Núpi og tók þar meðfylgjandi myndir. – thelma@bb.is





Korfu

Börn fljúga frítt!

Einstakt fjölskyldutilboð
10-11 náttu ferðir 7. og 18. júní

Lukkulíf VITA 7. og 18. júní

Verð frá 123.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktur

Innifalið: Gisting í tvíbýli með hálfu fæði og flugvallarskattar 7. júní.

*Verð án Vildarpunkta 133.900 kr.

Lukkulíf VITA gerir þér kleift að velja áfangastað, brottfarardag og lengd ferðar en upplýsingar um gististað berast þér síðar.

Hálft fæði



Elea Beach

★★★

Látlaust en gott 3ja stjörnu hótél, mjög vel staðsett við strönd og í aðeins í 5. mín. göngufjarlægð frá miðbæ Dassia.

Verð frá 96.250 kr.*
og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11) í 10 nætur, 18. júní með hálfu fæði og afslátt af flugverði barna.

*Verð án Vildarpunkta 106.250 kr. m.v. 2+2.

Innifalið: Flug, skattar, gisting með hálfu fæði og íslensk fararstjórn.

Allt innifalið



Lois Corcyra Beach

★★★★

Gott 4ra stjörnu „allt innifalið“ hótél, vel staðsett við ströndina í bænum Gouvia. Á hótelinu er barnaklúbbur og skemmti dagskrá. Fallegt útsýni yfir Gouvia flóann.

Verð frá 130.625 kr.*
og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11) í 10 nætur, 18. júní með öllu inniföldu og afslátt af flugverði barna.

*Verð án Vildarpunkta 140.625 kr. m.v. 2+2.

Innifalið: Flug, skattar, gisting með öllu inniföldu og íslensk fararstjórn.

Ótal fleiri gistinguöguleikar á VITA.is

* Gildir eingöngu í ferðir 7. og 18. júní og þegar um pakkaferð er að ræða.



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR
GROUP



VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

Hefur dansað nánast alla ævi

Henna-Riikka Nurmi er dansari og danskennari í LRÓ á Ísafirði. Hún er finnsk að uppruna en segist kunna afar vel við sig á Ísafirði. Frá komu hennar til Ísafjarðar árið 2005 hefur hún kennt ófáum danssporin, allt frá ungum börnum til fullorðins fólks. Auk þess hefur hún komið víða við í menningarlífinu, meðal annars stigið á sviði í leikverkinu Síðasti dagur Sveins Skotta og samið opunaratriði keppinnar um titilinn Ungfrú Vestfirðir. Nú vinnur hún í samstarfi við finnska félagasína að verkefni sem tengir Ísafjarðarbæ við menningarborg Evrópusambandsins í ár gegnum þrjá menningarviðburði.

Blaðamaður settist niður með Henu yfir kaffibolla og spjallaði um heimalandið, Vestfirðina og dansinn sem fylgt hefur henni nánast alla ævi.

Henna kom fyrst til Vestfjarða fyrir sex árum en fór síðan aftur út til Finnlands.

„Ég komst inn í leiklistarskóla í Helsinki í Finnlandi og fór því í mastersnám í kennardeild. En þó að ég færi í burt í tvö ár var ég með hugann við Ísafjörð því að ég ákvað að gera mastersverkefni sem fólst í því að undirbúa danssýningu með sex stelpum frá Ísafirði og sex stelpum frá Kuopo í Finnlandi.“

– Hvað er það sem dregur þig hingað á Vestfirði Íslands?

„Ég kann vel við mig hér og mér finnst ég hafa mun meira frelsi í kennslunni hérna. Ég var að kenna í stærsta dansskóla Finnlands sem telur um 2000 nemendur og leysti líka stundum af í þjóðarballettinum og á báðum þessum stöðum varð maður að fara nákvæmlega eftir settu prógrammi. Tímarnir urðu að vera eftir kennsluáætlun sem maður fékk senda og þegar maður vildi gera eitthvað aukalega var oft á tíðum erfitt að fá leyfi. Það var allt háð reglum og fjármagni. Til dæmis ef að hópur átti að vera fyrir átta krakka og maður fékk aðeins sjö þátttakendur, þá féll hann niður. Þetta hentaði mér engan veginn og mér fannst mikið betra að hafa svólítið frjálsar hendur og geta miðað tímuna að

þeim krökkum sem ég er að kenna hverju sinni. Til dæmis fyrir ákveðna hópa myndi henta að hafa jazzballett og ballett til skiptis en fyrir aðra tíma myndi henta betur að bæta við öðrum stílum. Það eru ekkert allir steypir í sama mót.

Hérna þekkir maður líka krakkana betur, veit nokkurn veginn hvað þeir eru að gera fyrir utan danstímana, í hvaða skóla þeir eru og svoleiðis. Einnig kannast maður við foreldra þeirra. Það eru allt öðruvísi tengsl.

Hér getur maður líka gert mikið meira en bara að kenna, þrátt fyrir að ég sé að kenna um 100 nemendum. Ég hef getað unnið ýmis verkefni meðfram kennslunni. Til dæmis sem danshöfundur og eins hef ég verið í vinna í leikhúsi. Í Finnlandi er meira um að maður sé bara kennari ef maður er að kenna.“

Sirkus, dans og tónlist í samkrulli

Eitt af verkefnum sem Henna hefur verið að vinna að utan kennslunnar er samstarfsverkefni við finnsku listahjónin Marjukka Erälinna og Tommi Hinkkanen. Marjukka er sirkuslistakona og Tommi hljóðmaður. Þau voru stödd á Ísafirði fyrir skemmstu þar sem unnið var að verkefninu, auk þess sem finnsku gestirnir héldu námskeið í sirkuslist og hljóðinnsetningum.

„Þau komu og héldu opin námskeið um páskana og það var mjög gaman. Þetta voru engir loftfimeikar sem Marjukka var að kenna heldur ýmislegt sem allir geta lært. Eins var Tommi að kenna áhugasömum um hljóðhönnun en ég held að oft gleymist hversu mikilvægt slíkt er þegar halda á sýningar. Það er svo miklu áhrifaríkara ef maður kann að leika sér með hljóðin til að magna upp sýninguna, að það sé ekki bara nóg að allir heyri í tónlistinni. Þetta er nefnilega mun flóknara er það.“

Samstarfsverkefnið er margslungið.

„Við köllum verkefnið Find Ice og það er unnið í samstarfi við

listamannahóp í Turku í Finnlandi. Við ætlum að setja saman hóp af krökkum sem lærir sirkuslist og dans og tekur síðan þátt í sýningu í Turku,“ segir Henna.

Auk áhugamannasýningarinnar er ætlunin setja upp atvinnumannasýningu þar sem listamennirnir sjálfir koma fram en einnig leita þeir til almennings.

„Við ætlum að setja ramma á vissa staði á Ísafirði sem fólk getur fengið að láni og farið með þangað sem það vill til að taka ljósmyndir. Fólk ræður myndefninu sjálfst en hugmyndin er sú að það velji eitthvað sem er því ofarlega í huga um þessar mundir, eitthvað sem því er sérstaklega kært í bænum eða uppáhaldshluturinn, til dæmis. Svo sendir fólk myndir til okkar sem notaðar eru í sýningunni. Markmiðið er að fá bæjarbúa til að taka þátt í þessu með okkur. Sams konar verkefni verður í gangi í Turku og það verður fróðlegt að sjá hvort mikill munur verði á íslensku og finnsku myndunum eða hvort þær verði sambærilegar.

Sýna bæði í Finnlandi og á Íslandi

„Við ætlum að setja upp rammanna um páskana en það náðist ekki í tíma svo það verður gert núna í sumar. Ég held að það komi spennandi út ef ferðamenn taka þátt í þessu líka, en nú fara þeir að streyma í bæinn. Það væri gaman að sjá hvort það væri mikill munur á myndum þeirra og myndum heimamanna.“

Þátttakendur í áhugamannasýningunni fá að fylgjast grannt með atvinnuönnunum að störfum.

„Þeim er velkomið að fylgjast með æfingum hjá okkur og við hvetjum þau til þess svo þau sjái hvernig við vinnum þetta. Vonandi verður það lærdómsríkt fyrir þau. Þetta er stanslaus þróun, við byrjum ekki að æfa með fullmótaða grind að því hvernig sýningin verður heldur prófum við okkur áfram.“

Ljósmyndasýningin, áhugamannasýning krakkanna og sýning listamannanna verða síðan settar upp í Turku í ágúst. Planið er

að sýningarnar verði svo settar upp á Ísafirði á næsta ári.

„Ég held að þetta verði mjög skemmtilegar sýningar með ljósmyndum, sirkus, dansi og tónlist. Við ætlum að brjóta þetta svólítið upp og hafa sýningarnar svólítið öðruvísi en gengur og gerist. Við erum með nokkrar hugmyndir, eins og til dæmis að hafa tjöld á sviðinu sem verða dregin frá eitt í einu þannig að sífellt komi eitthvað nýtt í ljós. Sú hugmynd kom upp þegar Marjukka og Tommi voru hérna og við vorum að keyra vestur en þau voru stanslaust að reka upp stór augu því að landslagið breyttist svo. Það var alltaf eitthvað nýtt að sjá og þeim fannst það mjög spennandi. Þegar við keyrðum t.d. yfir heiðar var allt í einu enginn snjór, eða í staðinn fyrir grösuga hóla komið hraun með mosa og þannig fram eftir götunum.“

Dansarar frá þriggja ára til sextugs

Nemendur Henu eru á öllum aldri.

„Í vetur voru yngstu nemendurnir þriggja ára sem voru að byrja að æfa og svo var ég með kvannahóp í ballett fyrir fullorðna. Við höfðum prófað þetta áður en enginn virtist þora að koma, en nú í vetur komu alltaf fleiri og fleiri og þetta var orðið mjög vinsælt. Þetta er dans fyrir alla þar sem farið er í grundvallaratriðin í ballett. Þetta eru fínar hreyfingar en maður þarf ekkert að vera fullkominn dansari eða neitt svoleiðis. Þetta var mjög skemmtilegur hópur en yngstu konurnar voru um 25 ára og svo voru þær alveg upp í um sextugt. Það virtist koma mörgum þeirra á óvart hvað felst í ballett, en oft finnst mér svólítið föst í fólk þessi hugmynd um að ballett sé eingöngu ballerínur í tjú-tjú-pils, bleikum sokkabuxum og með hnút í hárinu. En það er mikið meira í þessu en það og þetta er fín líkamsrækt. Í þessum hóp reyndum við að taka fyrir og styrkja vöðva sem fólk er ekki að nota svo mikið dagsdaglega þar sem svo margir vinna kyrr-

setustörf.“

Vantar fleiri stráka

„Það er einmitt svo gaman að vera með alla aldursþópa. Maður er með litlu stelpurnar í bleiku kjólunum sínum og svo spenntar að byrja að læra ballett. Svo eru konur á sextugsaldri sem eru alveg eins spenntar. Og auðvitað er maður með allt þar á milli. Eina sem vantar eru fleiri strákar. Ég held að þar komi einnig þessi fyrirfram ákveðna hugmynd í veg fyrir að þeir þori að mæta. Þeir halda að maður sé hoppandi um í sokkabuxum eða eitthvað svoleiðis. Eins er örugglega ekki auðvelt að byrja einir í hóp þar sem bara eru stelpur fyrir. Þess vegna langar mig að byrja næsta haust með strákahóp og vera þá með breikdans, nútímadans og fleira með. Hafa aðeins meiri hraða og ákafa því ég held að það höfði meira til þeirra. Þeim strákum sem hafa prófað að koma í tíma kemur það oft á óvart hversu erfitt þetta er, þetta styrkir vöðvana vel og maður svitnar og tekur vel á því.“

Það er alls ekki létt að vera dansari, maður þarf að vera sterkur og liðugur og alltaf með hugann við það sem maður er að gera. Maður verður að hugsa um að stjórna hreyfingunum á sama tíma og maður reynir á sig. Maður getur aldrei náð fullkomnun, um leið og maður hefur náð einhverri hreyfingu er alltaf hægt að fara aðeins lengra.“

Vildi alltaf dansa

„Ég byrjaði að dansa þegar ég var fjögurra ára. Þá hafði ég nauðað í mömmu í dágóðan tíma. Ári eftir að ég fæddist var stofnaður dansskóli í heimabyggð minni. Þegar ég var þriggja ára byrjaði ég að biðja mömmu mína um að fá að læra að dansa. Hún vissi ekki hvaðan ég hafði fengið hugmyndina en sagði að ég væri of ung. Þá voru yngstu nemendurnir fimm ára. Mamma bjóst við að þetta væri bara tímabil hjá mér og að ég myndi gleyma því brátt. En þegar ég var orðin fjögurra ára var ég enn að tala um



Þetta og þá ákvað hún að hringja og spyrja hvort skólinn gæti gert undanþágu og leyft mér að prófa. Kennarnir samþykktu að leyfa mér að koma í prufutíma og svo myndu þeir sjá til. En eftir fyrsta tímamótum sögðu þeir að ég mætti halda áfram og ég hef verið að dansa síðan.

Það blundaði líka alltaf í mér að verða kennari. Ég sótti um að komast í leiklistarskóla en það var meira til að prófa það en að ég ætlaði mér feril á því sviði. En svo komst ég listaskóla strax eftir menntaskóla þar sem maður var eitt ár við nám, skóla sem var með dansdeild, leiklistardeild, ljósmyndadeild og ýmislegt. Mér fannst alveg tilvalið að prófa það til að sjá hvort að dansinn væri í raun og veru það sem ég vildi leggja fyrir mig, en að ári loknu var ég enn ákveðnari. Þá spreytti ég mig á inntökuprófi í Listaháskólann í Turku. Þau fara bara fram annað hvert ár og voru einmitt þegar ég var að klára ársnámið í hinum skólanum. Ég fór því og var í heila viku að þreyta þessi inntökupróf, sem eru ansi ströng. Í byrjun eru kannski

hundrað sem vilja komast inn en síðan er skorinn niður um helmingur eftir tvo daga og smám saman detta fleiri og fleiri út þar til þeir nemendur sem komast inn eru eftir. Við þurftum að spreya okkur á ýmsum dansstílum, ballett, nútímadansi, jazzballett o.s.frv. Svo þurftum við að semja dansatriði sem þurfti að vera a.m.k. mínúta en ekki meira en tvær mínútur, fara í viðtöl þar sem við vorum spurð spjörnum úr og þetta var mjög spennandi. Eftir þetta allt saman komst ég inn og flutti því til Turku.

Það er svolítið skondið að margir úr sama árgangi og ég eru ekki lengur að dansa. Ein stelpa er t.d. orðin lögga og önnur að vinna í fatabúð. Við erum samt nokkrar sem enn erum í þessum bransa og ég hitti nokkrar þegar ég fór í mastersnámið, sem voru mjög skemmtilegir endurfundir.“

Fór út í óvissuna

Það var í gegnum þennan skóla sem Henna kynntist Íslandi.

Einn kennarinn minn var gestakennari á Íslandi sem bauð nem-



endum að koma í skiptinám til Íslands. Ég sótti um það og kom í fjóra mánuði 2002 og var að vinna með Íslenska dansflokknum og fleira. Þetta var mjög spennandi og skemmtilegur tími. Þetta var í fyrsta sinn sem ég kom hingað og mér leist það vel á að ég ákvað að koma aftur og vinna verkefni til að fá kennarapróf. Þá var mér boðið að koma til Ísafjarðar. Ég vissi ekkert hvað ég var að fara út í og svo virðist sem þeir sem voru að ráðleggja mér vissu það ekki heldur. Fyrsta skipulagið sagði til um að ég yrði tvo daga á Ísafirði og þrjá daga í Reykjavík. En heimamenn sögðu að það yrði hæpið að það gengi upp þar sem það væri ekki alltaf flogið og það yrði bara alltof erfitt. Ég ákvað því að vera einn mánuð í Reykjavík og einn mánuð á Ísafirði. Ertu eitthvað verri? spurðu margir kunningjar mínir í Reykjavík og sögðu að það væri ekkert um að vera hérna á Ísafirði. Þeir töluðu um bæinn eins og það byggi nánast enginn héra og bærinn væri mjög lítill. Ég hugsaði því með mér þegar ég var á leiðinni í flugvélinni hvað ég væri eiginlega að fara koma mér út í. En svo þegar Jón Sigurpálsson kom að sækja mig og við vorum að keyra í bæinn, þá kom mér á óvart hve stórhann var, ég var búin að ímynda mér eitthvað allt annað miðað við hvað mér hafði verið sagt,“ segir Henna og hlær.

Með um hundrað nemendur

Fyrsta haustið sem ég byrjaði var ég með 30 nemendur en nú

eru þeir um hundrað. Það kemur mér alltaf á óvart hve margir þeir eru þegar vorsýningarnar eru og þeir eru allir komnir á sama stað. Manni finnst þetta ekki eins mikið þegar maður tekur bara fyrir hvern hóp fyrir sig.

Það er líka gaman að sjá hve langt skólinn hefur þróast frá því að ég kom fyrst. Þá var húsnæðið svo hrátt og það var ekki dansdúkur, speglar eða græjur en nú erum við komin með allt til alls. Fyrsta sýningin var einmitt haldin áður en húsnæðið var tilbúið og við vorum með hitablásara í horninu og settum teppi á gólfid þar sem við vorum búin að koma upp búningaastöðu svo að krakkarnir þyrftu ekki að ganga á steypugólfinu. Það var samt gaman að sjá hvað við gátum gert mikið þó að aðstæðurnar væru þannig. Þetta er bara allt spurning um hvað maður vill gera og bera sig eftir því. Eins og núna er kreppa og auðvitað ekki til peningur til að gera allt sem mann langar til. En það er margt hægt að gera ef maður notar ímyndunaraflid og leggur sig fram við það. Stundum þarf maður að leggja eitthvað aukalega á sig til að hlutirnir gangi upp, en það er líka allt í lagi. Það felst ákveðin ögrun í því að þurfa bara að redda hlutunum og þá eru oft skemmtilegar lausnir sem verða til.

Dansar með eldra fólkinu

Einu sinni í mánuði heimsækir Henna íbúa á Hlíf og innleiðir smávægis dans í líf þeirra.

„Sjúkraþjálfarar eru með fólk-

ið reglulega í endurhæfingu en þær æfingar eru formfastari og svo kem ég með aðeins öðruvísi æfingar. Við notum til dæmis slæður í staðinn fyrir lóð og svona. Það er mjög gaman og gefandi að vinna með þessu yndislega fólki. Mig munar ekkert um að gefa klukkutíma af tíma mínum einu sinni í mánuði en miðað við hvað fólkid hressist við þetta þá gefur þessi klukkutími því heilmikið. Fólkid hér fyrir vestan hefur tekið mér svo vel og hjálpað mér frá því að ég flutti hingað og mér finnst gott að geta gefið eitthvað aðeins til baka.“

Þessi hugmynd Henna er ekki ný því hún hefur áður leyft þeim sem eldri eru að njóta danskunnáttu sinnar.

„Ég fór nokkur sumur að vinna á elliheimili í Noregi. Stundum þegar ég átti lausa stund tók ég fólkid í smá dansæfingar. Sumir voru kannski í hjólastól og lifðu mjög einhæfu lífi. Bara það að koma með svolitla tónlist og hreyfa hendurnar á fólkinu gerði heilmikið fyrir það. Maður sá það lifna við og það var eins og tónlistin hreyfði við einhverju í minni þess. Það var líka eins og hreyfingar ýti við nokkurs konar líkamlegu minni.“

Það er einmitt svo skemmtilegt við dansinn. Það er svo margt sem maður getur gert með honum. Maður er ekki eingöngu að dansa á sýningum eða kenna. Það er líka hægt að nálgast annað fólk með dansinum. Það er svo magnað,“ segir þessi magnaði dansari frá Finnlandi, sem fært hefur mörgum Vestfirðingum gleðina af dansi. – thelma@bb.is



Lausar stöður við MÍ

Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar við Menntaskólann á Ísafirði:

1. Sjúkraliðagreinar, hálf staða.
2. Vélfræðigreinar á A- og B-stigi, 1-2 stöður.
3. Stuðningsfulltrúi, tvær 75% stöður.
4. Proskapjálfi, ein staða.

Umsóknarfrestur er til 10. júní 2011. Áhersla er lögð á þátttöku starfsmanna í öflugu þróunarstarfi í kennsluháttum og mjög góða samskiptahæfni. Laun eru samkvæmt gildandi karasamningum BHM, SFR, KÍ, og ríkissjóðs og stofnanasamningi MÍ.

Umsækjendur um kennslustörf þurfa að hafa löggild réttindi í viðkomandi kennslugrein sbr. lög nr. 87/2008.

Umsóknir þurfa ekki að vera á sérstökum eyðublöðum og er öllum svarað þegar ákvarðanir um ráðningar liggja fyrir. Umsóknir ásamt staðfestu ljósriti af prófskírteinum skal senda til skólameistara, jon@misa.is, sem veitir allar nánari upplýsingar.

Umsókn getur gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Nánari upplýsingar um störfin veitir skólameistari í síma 450 4400 eða í vasasíma 896 4636.

Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari.

Hrein eign Lífeyrissjóðs Vestfirðinga til greiðslu lífeyris er 26,6 milljarðar

Hrein eign Lífeyrissjóðs Vestfirðinga til greiðslu lífeyris nam 26,6 milljörðum króna um síðustu áramót að því er fram kom á ársfundi sjóðsins sem haldinn var í síðustu viku. Nafnávöxtun sjóðsins var jákvæð um 5,6% og raunávöxtun um 2,6%. Hrein eign sjóðsins hækkaði um 1,5 milljarð króna milli ára eða um 6%. Fjárfestingatekjur sjóðsins voru jákvæðar um 1,3 milljarð króna en skuldbindingar sjóðsins voru 8,2% hærri en eignir í lok síðasta árs samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt. Iðgjaldtekjur sjóðsins námu 989 milljónum króna á síðasta ári og lífeyrisgreiðslur voru 796 milljónir króna.

„Allur lífeyrir fylgir hækkan vísitölu neysluverðs sem hefur hækkað um 89% frá 1. janúar 2000, sem er miklu meiri hækkan en laun á almennum vinnumarkaði hafa hækkað á sama tíma,“



Hrein eign Lífeyrissjóðs Vestfirðinga hækkaði um 1,5 milljarð króna árið 2010.

Neikvæður rekstur

Ársreikningur Súðavíkurrepps fyrir síðasta ár var lagður fram til fyrri umræðu á fundi sveitarstjórnar í síðustu viku. Rekstrartekjur sveitarfélagsins voru 187,3 milljónir króna og rekstrargjöld 1661, milljón. Rekstrar- niðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir var því jákvæði um 21,2 milljónir króna. Afskriftir námu 14,9 milljónum króna og fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur voru 12,5 milljónir.

Að teknu tilliti til þess var 6,2 milljóna króna tap á rekstri sveitarfélagsins. Eigið fé þess var 320,1 milljón í árslok. Samþykkt var samhljóða að vísa reikningnum til síðari umræðu.

segir í frétt frá sjóðnum. Alls fengu 1.688 lífeyrisþegar greiddan lífeyrir á árinu og fjölgaði þeim um 41 frá fyrra ári og 3.371 einstaklingur var á skrá með iðgjaldahreyfingu til Lífeyrissjóðs Vestfirðinga á síðasta ári. Á

síðasta ári gerðist sjóðurinn aðili að þeim úrræðum sem stjórnvöld hafa komið á stað til hjálpar yfirskuldsetum heimilum, þ.e. varðandi fasteignalán sem tekin hafa verið til fasteignakaup til eigin nota.

Verðbréfaeignir sjóðsins skiptast þannig að 57% voru í innlendum skuldabréfum, 4% í innlendum hlutabréfum, 2% í innlánunum og 31% í erlendum verðbréfum, 2% í veðlánunum og 4% innlendum skuldabréfasjóðum. Í

tilkynningunni segir að stefna og áhættustýring sjóðsins sé að eiga vel dreift eignasafn, sem ekki byggir eingöngu á íslenska hagkerfinu. „Eignasafninu skal dreift milli eignastýringar- og vörslu- aðila til að draga úr áhættu.“

Stangveiðimenn bjartsýnir

Stangveiðimenn eru flestir farnir að gera sig klára fyrir sumarið enda stýttist óðum í að laxinn fari að ganga í ár. „Vorið er seinna á ferðinni í ár sem gefur fyrirheit um að vatnsmagnið í ánum muni haldast gott fram í júl,“ segir Stefán Sigurðsson, sölustjóri hjá fyrirtækinu Lax-á, sem leigir Langadalsá, Hvannadalsá og Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi. „Vatnsstaðan lítur vel út,

nóg er að af snjó á Steingrímsfjarðarheiði og allir lækir og pallar fullir af vatni. Það er fleira sem gefur tilefni til bjartsýni eins og skýrsla Veiðimálastofnunar sem spáir góðu veiðisumri,“ segir Stefán. Fyrsta hollíð mætir í Laugardalsá 15. júní og viku seinna verður opnað fyrir veiði í Hvannadalsá og Langadalsá. „Salan hefur gengið vel en enn eru nokkur holl laus,“ segir Stef-

án. Á síðasta ári gerði mikla þurrkatíð sem kom illa niður á laxveiðinni. Stefán segir veiðina í fyrra hafa verið góða. „Vatnsleysið setti aðallega strík í reikninginn í Langadalsá, en veiðin var þó þokkaleg og áin skilaði rúmlega 300 löxum yfir sumarið. Hvannadalsá lét ekki jafnmikið á sjá enda þolir hún þurrkana betur og þar komu rúmlega 500

laxar á land. Laugardalsáin býr náttúrulega að vötnunum sem skammta ári alltaf passlegu vatni þannig ástandið þar varð aldrei mjög slæmt enda skilaði hún um 550 löxum í fyrra,“ segir Stefán.

Veitt verður í Laugardalsá fram til 1. september en Hvannadalsá og Langadalsá loka 24. september.

– kte@bb.is

Nýtt ferðapjónustufyrirtæki

Nýtt vestfirskt ferðapjónustufyrirtæki, Ögur ehf., hefur tekið til starfa. Fyrirtækið er stofnað af sjö systkinum og móður þeirra í Ögri við Ísafjarðardjúpi. Ögur ehf. býður upp á leiðsögn í skipulögðum göngu- og kajakferðum um söguslóðir Ísafjarðardjúps. Farið er um slóðir Fóstbræðrasögu, Spánverjavíga, byggðasagan sögð og róid innan um seli og lunda.

Boðið er upp á fimm fyrirfram mótaðar gönguferðir og fimm fyrirfram mótaðar kajakferðir.

Auk þess býðst viðskiptavinum að móta sínar eigin ferðir hvort sem þær eru stuttar eða langar. Í sumar verður leiðsögnin helsta hlutverk Ögur ehf. en stefnumótun fyrirtækisins gerir ráð fyrir því að bæta jafnt og þétt við þjónustuna.

Á heimasíðu Ögur ehf. www.ogurtravel.com er hægt að bóka sig í 10 staðlaðar ferðir og senda inn fyrirspurn eða beiðni um sérferðir. Frekari upplýsingar fást á vefsíðunni og í netfangi ogur@ogurtravel.com eða í síma 857 1840.

Versluninni á Hlíf lokað

Forráðamenn Ísafjarðarbæjar hafa boðuðu íbúa á Hlíf, þjónustuiðum aldraðra á Ísafirði, til fundar á föstudag til að ræða lokun verslunar sem rekin er á Hlíf. „Verslunin er í eigu íbúa Hlífar og er rekin af þeim en Ísafjarðarbæjar hefur lagt út fyrir öllum kostnaði. Verslunin hefur verið rekin með töluverðu tapi, eða nær einni milljón á ári og því viljum

við endurskoða reksturinn,“ segir Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. Hann segir að hugmyndin sé að loka versluninni í sumar og endurmeta stöðuna að nýju í haust.

„Ég vil persónulega að við skoðum aðrar leiðir s.s. að bjóða upp á heimsendingarþjónustu frá verslunum í bænum. Þetta er það sem við ætlum að reyna í sumar og svo sjáum við til í haust hvern-

ig til hefur tekist,“ segir Daníel.

Stefán Haukur Ólafsson íbúi á Hlíf og gjaldkeri Félags eldri borgara segir lokunina leggjast illa í fólk. „Við höfum heyrt að til staði að breyta rekstrinum og núna er búið að auglýsa þetta. Það eru margir sem nýta sér verslunina þar sem þeir komast ekki annað og því leggst þetta heldur illa í fólk,“ segir Stefán. – kte@bb.is



Magnús Hauksson veitingamaður í Tjöruhúsinu.

Áttunda sumarvertíðin hafin

Hjónin Magnús Hauksson og Ragnheiður Halldórsdóttir hófu áttundu sumarvertíðina á veitingastaðnum Tjöruhúsinu í Nedsta-kaupstað á föstudag. „Við erum aðeins í seinni kantinum þetta sumarið. Við hefðum opnað fyrir ef ekki hefði verið fyrir þetta kuldakast. Annars verður þetta með hefðbundnu sniði hjá okkur í sumar og ferskur fiskur verður eftir sem áður uppistaðan á matseðlinum. Vonandi náum við að leggja meiri áherslu á hrefnukjöt en mér skilst að það eigi að landa hrefnu hér í bænum í sumar,“ segir Magnús.

Góður orðstír Tjöruhússins hefur farið víða á undanförunum árum og fiskréttir Magnúsar annálaðir um land allt og þótt víða væri leitað. Aðsóknin hefur verið eftir því. „Ég geri mér ekki grein fyrir hve gestirnir eru margir yfir

sumarið. En yfir háannatímamann þá er svo mikið að gera að húsið annar ekki meiru, eldhúsið einfaldlega afkastar ekki meiru,“ segir Magnús. En hverju þakkar hann velgengni staðarins? „Við höfum alla tíð notið nálægðarinnar við safnið sem leiðir alltaf fólk hingað niður eftir. Þá hefur staðurinn unnið sér ákveðin sess fyrir það að vera ávallt með ferskan fisk á boðstólum. En til þess að geta rekið svona sumar eftir sumar þá gildir einfaldlega að slá aldrei slöku við og gæta þess að vera alltaf með gæðin í lagi.“

„Annars leggst sumarið vel í mig og Ragnheiði og við erum bjartsýn. Þá er ég líka kominn með nýtt hné,“ segir Magnús sem er nýkomin úr liðskiptaaðgerð. „Þannig nú get ég staðið dögum saman ef því er að skipta,“ segir Magnús og hlær.



Gjaldskrá fyrir sörp samþykkt

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt gjaldskrá fyrir söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í sveitarfélaginu. Samkvæmt tillögu nefndar um sörpmál verður gjald fyrir almennt sörp 33 krónur á kíló. Gjald fyrir timbur verður 17 kr/kg. Einnig verður nýr gjaldflokkur fyrir steinefni frá framkvæmdum, 5 kr/kg. Gjaldfrjálst er fyrir heimili allt að 1 m³.

Einnig samþykkti bæjarstjórn

breytingartillögu um að verktaki í sörphirðu og sorpeyðingu í Ísafjarðarbæ hafi heimild til að bjóða þeim viðskiptavinum, sem koma með 400 tonn af almennu sorpi til eyðingar á ári, sérstök kjör. Verðið skal þó ekki vera lægra en 27 krónur á kíló. Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að ganga frá nánari útfærslu á þeim magnafsláttum, sem verða í boði fyrir stóra viðskiptavinum verktakans.

– thelma@bb.is




Stúdentar fögnuðu með veglegri veislu

Á þriðja hundrað manns mætti í útskriftarveislu sem haldin var á vegum Menntaskólans á Ísafirði í íþróttahúsinu á Torfnesi á laugardagskvöld. Í veisluinni flutti kór skólans

skemmtilegan söngleik og útskriftanemar og afmælisárgangar buðu upp á skemmtiatriði. Halldór Smárason lék á píanó undir borðhaldi eins og hann hefur gert frá 15 ára aldri en hann spilaði svo

einnig með hljómsveitinni Húsinu á sléttunni í fjörugum og samfelldum dansleik sem stóó til kl.2 um nóttina. Benedikt Hermannsson var í veislunni og tók þar meðfylgjandi myndir.







Dvalarheimilið Hlíf á Ísafirði.

Óánægja og reiði meðal bæjarbúa

SAMVERK
GLERVERKSMÍÐJA

SPEGLAR

Framleiðum spegla eftir málum.

www.samverk.is
samverk@samverk.is

Mikil óánægja og reiði er meðal íbúa á Ísafirði með þá ákvörðun bæjaryfirvalda að loka versluninni á dvalarheimilinu Hlíf. Verslunin er í eigu íbúa Hlífar og rekin af þeim en Ísafjarðarbær hefur lagt út fyrir öllum kostnaði. Daníel Jakobsson, bæjarstjóri, sagði í samtali við blaðið í gær að nær einnar milljóna króna tap væri á versluninni á ársgrundvelli og því vildu bæjaryfirvöld endurskoða reksturinn. Stefán Haukur Ólafsson, íbúi á Hlíf og gjaldkeri Félags eldri borgara, segir lokunina leggjast illa í íbúa Hlífar.

Fjölmargin lesendur hafa haft

samband við blaðið og lýst yfir megnri óánægju með stjórnendur bæjarins. Bentu margir viðmælenda blaðsins á að það væri einmitt fólkið á Hlíf sem hefði byggt upp Ísafjörð og í hvert skipti sem skera þyrfti niður, væri ávallt ráðist á eldra fólkið. „Þessir sömu menn og ráðast sífellt á eldri borgara bæjarins mæta síðan á fjögurra ára fresti með bros á vör í atkvæðasmölin. Þá er lofað bót og betrun sem síðan er ekki staðið við. Ég held að stjórnendur Ísafjarðarbæjar ættu að taka til í eigin ranni áður en þeir fara að ráðast á þá sem síst eiga það

skilið. Sparið á bæjarskrifstofunni, dragið úr ferðalögum, skerið niður risnu sveitarfélagsins og annað brúðl og hættið að ráðast á þá sem eiga það ekki skilið,“ sagði einn viðmælendi blaðsins, sem ekki vildi koma fram undir nafni.

Mikil umræða hefur verið á samskiptavefnum Facebook eftir birtingu fréttarinnar. Þar eru ráðamenn Ísafjarðarbæjar hvattir til að láta sjá sig á Hlíf í öðrum erindagjörðum en að skera niður. „Ef það kostar milljón að halda búðinni opinni, þá eigum við að borga það. Annars væri snilld að

nýta fólkið sem er atvinnulaust og bjóða því að brjóta upp daginn með vinnu í búðinni, hún er hjarta hússins og henni má ekki loka,“ segir einn íbúi bæjarins á Facebook. Aðrir hafa eftirfarandi að segja um málið: „Stór skömm fyrir ráðamenn bæjarins – Það eru ekki allir í þeirri stöðu að geta farið í Bónus eða Samkaup – Er þessi bæjarstjóri gjörsamlega veruleikafirrtur? – Lítil er reisn bæjarstjórnar, leggja niður þjónustudeildina á Hlíf, starf forstöðumanns og nú verslunina – Þeir ættu að skammast sín sem stjórna þessu bæjarfélagi.“

Landsbanki fyrir hverja?

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Margir velta vöngum yfir fjármálum Íslendinga, ríkisins, fyrirtækja og síðast en ekki síst einstaklinga, fólksins sem á endanum stendur undir þessu öllu saman og alveg örugglega ef ekki tekst að fá útlenda fjárfesta til að setja fé sitt í framkvæmdir, atvinnurekstur og kaup á þjónustu á Íslandi. Umræðan hefur oft verið út og suður og gjörsamlega á skjön við það sem við höfum átt að venjast. Nú stefnir í gríðarlega eignaupptöku frá sjávarútvegsfyrirtækjum með afleiðingum sem enginn getur séð fyrir hverjar verða. Skattar hafa verið hækkaðir, áfengi sömuleiðis, þótt flestum sé ljóst að afleiðingarnar verða aukin bruggstarfsemi í bága við lög og að neyslan muni alls ekki minnka. Jafnframt mun neysla annarrar innlendrar framleiðslu, sem hugsanlega gæti flokkast undir sprotastarfsemi í landbúnaði, aukast að mun. Þá er átt við ræktun kannabisplanta, sem er kolólögleg.

Neysla innlendrar ólöglegra fíkniefna hefur aukist, sem og ávísaðra lyfja af læknum. Þau lyf ganga kaupum og sölum á svörtum markaði sem enga skatta borgar, en skattgreiðendum er hins vegar ætlað að greiða fórnarkostnaðinn fyrir fórnarlömbin. Margir vöruðu við þessari þróun haustið 2008 og vísuðu til reynslu Finna af kreppu í Finnlandi á tíunda áratugnum. Þar fór margt á verri veg og fylgdi ofbeldi innan og utan heimila í kjölfarið, auk fátæktar margra. Allt voru þetta afleiðingar hruns fjármálalífs og það er einmitt sú staðreynd sem Íslendingar eru að fást við nú. Á morgun hefur gengið. Dóms-

mál lækkuðu bílalánin sem hækkuðu ótrúlega mikið í kjölfar hríðfallinnar krónu, enda kom í ljós að þau voru ólögleg. En dómstóla þurfti til að lagfæring yrði gerð. Reyndar fellur krónan enn, bara ekki mjög hratt.

Skuldaleiðrétting var gerð en kom of seint fyrir alltof marga. Bílar og atvinnutæki höfðu verið tekin af þeim og seld úr landi. Í ljós kom að ríkisstjórnin afhenti kröfuhöfum gömlu föllnu banka-anna kröfur þeirra inn í nýja banka. Hrunið átti að gera upp, en 9 binda stór skýrsla Alþingis er greinilega ekki nóg til að stjórnmálamenn og bankastjórnendur læri. Spurt hefur verið hér áður af hverju skuldir voru lækkaðar í 110 prósent af verðmæti veðsettra húsa. Svarið var að það væri gert í þágu bankanna og annarra lánveitenda.

Nú hefur Landsbankinn, einu sinni nefndur banki allra landsmanna, ákveðið að endurgreiða skilvísium hluta vaxta svo skiptir tugum milljarða. Fyrir hvern er það? Skuldara? Ekki mun Íbúðalánasjóður, hinn eini raunverulegi ríkisbanki fara þá leið. Á ekki pening til þess segir forsætisráðherra. Hvar eru hagsmunir þeirra sem ekki skulduðu en áttu fé í sjóðum bankanna? Fá þeir endurgreitt? Nei. Þetta er nefnilega ekki gert fyrir alla landsmenn heldur til þess að halda skuldurum við efnið. Þannig græða bankarnir meira.

Ósammála um lokun verslunar

„Við erum alfarið á móti þessari ákvörðun,“ segir Kristján Andri Guðjónsson, bæjarfulltrúi Í-listans í Ísafjarðarbæ, um áformaða lokun verslunarinnar á Hlíf. „Það hefur hvorki verið rætt um þetta í bæjarráði né bæjarstjórn. Taprekstur verslunarinnar var til umræðu við meðferð fjárhagsáætlunar og talað um að endurskoða reksturinn t.d. með styttingu á opnunartíma. Það hefur hins vegar aldrei komið til tals að loka búðinni og við hefðum aldrei samþykkt slíkar aðgerðir,“ segir Kristján Andri.

Kristján Andri segir jafnframt að Í-listinn muni berjast gegn þessari ákvörðun. „Á Hlíf búa margir sem ekki geta sótt sér björg í búa eitthvert annað og þótt boðið verði upp á sendingarþjónustu þá yrði engu að síður um mikla skerðingu á þjónustu að ræða,“ segir Kristján Andri.

Albertína F. Elíasdóttir, bæj-

arfulltrúi Framsóknarflokksins, segist skilja mjög vel að íbúar séu ósáttir við þessa ákvörðun. „Staðreyndin er auðvitað sú að við þurfum að draga saman í rekstri bæjarins og við erum að vinna í niðurskurði á öllum vígstöðvum og því fer fjarri að það eigi eingöngu við um Hlíf. Því miður hefur það verið svo að verslunin hefur verið æ minna notuð og þar af leiðandi er sá halli á rekstrinum sem raun ber vitni,“ segir Albertína og bætir við að þjónusta við íbúana þurfi ekki að minnka við lokunina.

„Vegna taprekstursins var samþykkt að loka versluninni tímabundið í sumar til að sjá hvernig það reynist, en um leið á að skoða aðrar leiðir til að þjónusta íbúa Hlífar með vörur, sem gæti reynst betri þjónusta fyrir íbúana þegar upp er staðið,“ segir Albertína.

– kte@bb.is



Tíu milljónir til stúkubyggingar á Torfnesi


BÍ/Bolungarvík hefur verið úthlutað 10 milljónum króna úr Mannvirkjasjóði KSÍ til að byggja áhorfendastúku við Torfnesvöll á Ísafirði. BÍ/Bolungarvík fékk mest úr sjóðnum sem ætlað er að styðja við nýframkvæmdir knattspyrnumannvirkja til að skapa iðkendum, stjórnendum, áhorfendum og öðrum sem besta aðstöðu. „Þetta er allveg frábært og við erum gríðarlega þakklátir Knattspyrnusam-

bandinu fyrir þennan örláta styrk,“ segir Samúel Samúelsson, stjórnarformaður BÍ/Bolungarvíkur. „Það verður vonandi á dagskrá í haust að byggja stúku þar sem við erum á hálfgerðri undanþágu fyrsta árið okkar í 1. deild en samkvæmt reglum þarf heimavöllurinn að vera með stúku svo við viljum vera klárir með það fyrir næsta tímabil.“

Einnig fékk Ungmennafélag Bolungarvíkur 2 milljónir til að

gera búningsaðstöðu, salernisaðstöðu og veitingasölu í Bolungarvík. „Báðir vellirnir á svæði liðsins eru því að fá upplýftingum, sem er bara frábært,“ segir Samúel. Stjórn KSÍ ákvað að úthluta rúmlega 30 milljónum úr Mannvirkjasjóði KSÍ en þetta er í fjórða skiptið sem úthlutað er úr sjóðnum. Alls var úthlutað til ný verkfna en umsóknirnar voru ellefu. Hæsti styrkurinn var til BÍ/Bolungarvíkur eins og áður sagði.

HEFTA MÚLARBÁ 11-0859



HREYFING ALLT LÍFIÐ

SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ

LAUGARDAGINN 4. JÚNÍ
GANGA EÐA SKOKK – ÞÚ RÆÐUR HRAÐANUM

www.sjova.is

Hlaupið er á eftirtöldum stöðum á svæðinu:

Ísafjörður: Hlaupið frá Íþróttahúsinu Torfnesi kl. 13:00. Vegalengdir í boði: 3 km, 5 km og 7 km. Forskráning í versluninni Jóni og Gunnu, á skrifstofu Sjóvá og í versluninni Hlíf. Frítt í allar sundlaugar í Ísafjarðarbæ að loknu hlaupi.

Bolungarvík: Hlaupið frá Hrafnakletti kl. 10:30. Vegalengdir í boði: 3 km og 5 km. Forskráning við Samkaup föstudaginn 3. júní frá 15 – 17.

Súðavík: Hlaupið frá Gamla pósthúsinu kl. 11:00. Vegalengdir í boði: 2 km, 4 km og 5 km. Forskráning í Víkurbúðinni.

Flateyri: Hlaupið frá Íþróttahúsinu á Flateyri kl. 13:00. Vegalengd í boði: 2,5 km.

Suðureyri: Hlaupið frá Íþróttahúsinu á Suðureyri kl. 11:00. Vegalengdir í boði: 2 km og 4 km. Forskráning hjá Þorgerði Karlsdóttur í s. 899 - 9562. Frítt í sund að loknu hlaupi.

Patreksfjörður: Hlaupið frá Bröttuhlíð 2. júní kl. 20:00. Vegalengdir í boði: 1 km, 2 km og 5 km. Frítt í sund að loknu hlaupi.

Barðaströnd: Hlaupið frá Innri-Múla kl. 17:00. Vegalengdir eru frjálssar. Forskráning hjá Kristínu Hauks í s. 616-7965. Hressing í boði að loknu hlaupi.

Bíldadalur: Hlaupið frá Slökkvistöðinni kl. 14:00. Forskráning hjá Ragnheiði K. Benediktsdóttur og Elínborgu Benediktsdóttur í s. 846-8859, 456-2203 og 456-2142.

Þingeyri: Hlaupið frá Íþróttamiðstöð Þingeyrarodda kl. 11:00. Vegalengd í boði: 3 km. Forskráning að Brekkugötu 42.

Drangnes: Hlaupið frá Fiskvinnslunni Drangi kl. 11:00. Forskráning í Kaupfélagi Steingrímsfjarðar Drangnesi.

Þátttökugjald er 1.250 kr.



Koma þarf til móts við íbúa sem búa utan þjónustusvæðis

„Samgöngumál fámennra svæða þar sem vegalengdir til næsta þjónustakjarna eru miklar, eru að mörgu leyti erfið viðfangs,“ segir í drögum að stefnumótun fyrir samgönguáætlun 2011-2022. Þar segir að sum byggðarlög séu einfaldlega af langt frá miðstöðvum stærri svæða til að geta talist innan þjónustusvæðis fyrir flesta þjónustu og vandséð að samgöngubætur geti einar og sér bætt úr því. „Því verður að líta á þau sem útverði byggðar á

tilteknum landssvæðum og móta samgöngustefnu á landi, í lofti og á sjó sem tekur mið af þeim veruleika. Önnur byggðarlög búa við fámenni og mikla farartálma en gætu tengst stærri þjónustusvæðum með afar kostnaðarsömum vegaf framkvæmdum. Í slíkum tilvikum ræðst framvinda mála af ákvörðunum um ásætlanlegan kostnað við að mæta brýnum þörfum fámennra byggðarlaga,“ segir í drögunum.

Samkvæmt greinargerð fag-

hóps Háskólans á Akureyri eru vaxtarsvæðin þrjú; á suðvesturhorni landsins, á Mið-Norðurlandi og á Austurlandi. Utan þessara þriggja þjónustusvæða búa um 24 þúsund manns eða tæplega 8% landsmanna. Á þessum svæðum fækkaði íbúum að meðaltali um 10-14% á árunum 2001 til 2010.

Á norðvesturhorni landsins búa samtals tæplega fimmtán þúsund manns á Snæfellsnesi, í Dölum, á Vestfjörðum og Húna-

vatnssýslunum. Á norðausturhorninu búa um tvö þúsund manns í Norður-Þingeyjarsýslu og suðaustanlands búa um sjö þúsund manns í Vestmannaeyjum og Skaftafellssýslunum. Í greinargerð faghóps HA þar sem segir að einkum virðist þrjár leiðir færar til að koma til móts við þá sem búa utan þjónustusvæðis í þessum skilningi:

Í fyrsta lagi mætti stækka þjónustusvæði vaxtarsvæðanna þriggja með því að styrkja stærri byggðakjarna á jaðri þeirra. Þannig mætti til dæmis hugsa sér að ná markmiðum um hámark ferðatíma til og frá þjónustukjarna að hluta til á Snæfellsnesi, í Dalasýslu og í Vestur-Húnavatnssýslu með eflingu Borgarness, í Austur-Húnavatnssýslu með eflingu Sauðárkróks eða í Norður-Þingeyjarsýslu með eflingu Húsavíkur. Svipaða sögu mætti segja á Suðurlandi út frá Selfossi eða með Hvolsvöllum sem miðstöð.

Í öðru lagi mætti reyna að skapa ný vaxtarsvæði með mikilli eflingu smærri kjarna og bættum samgöngum við stærra svæði umhverfis slíka kjarna. Þannig

mætti til dæmis stefna að því að efla Ísafjörð sem þjónustukjarna fyrir stóran hluta Vestfjarða og Höfn í Hornafirði sem þjónustukjarna fyrir austanvert Suðurland og sunnanvert Austurland.

Í þriðja lagi mætti tryggja ákveðna grunnþjónustu á tilteknum svæðum og sérhæfðari þjónustu með reglulegum flugsamgöngum við stóra þjónustukjarna. Þannig mætti til dæmis hugsa sér að styrkja byggð á sunnanverðum Vestfjörðum, á norðvesturhorni og suðvesturhorni landsins með nokkurs konar þjónustutryggingu þar sem íbúarnir geti gengið að því sem vísu að tiltekin grunnþjónusta í heilbrigðismálum, grunn- og leikskólum, löggæslu og verslun verði til staðar til lengri tíma.

„Þessar þrjár aðferðir útiloka vitaskuld ekki hver aðra og sambland þeirra gæti verið árangursríkasta leiðin til að koma til móts við íbúa sem búa utan þjónustusvæðis. Heildarstefnu í þessum efnum ætti að móta í sóknarætlunum viðkomandi landshluta og landsskipulagsáætlun,“ segir í drögunum.

– thelma@bb.is

Krossgáta *Catalina* og Vestfirðinga. Höfundur: Hafliði Magnússon frá Bíldudal.

	SNJÓ- KÖF	2EINS UM 2EINS EINS	SLÍMI	TÖNN	BJART- LUR	FORS.	SKÖLI	VÖÐA- LEGT	TÖNN
					+				
ÞVÆTT- ING- LUR				SMEYGT ÞI HEA					MEIÐI
TRYLL TA		TÖNN				HJAL			
			VERÐ KARLM- NAFN				SKELLI UPPÚR		
TÖNN	DEILA BYLUR					RÚMFAT AUM- LUR			
SIGL- DUM			TALA	UPPHR TALA SAMHL					
LIT- FÉGGUR KÖLMÍ			LETI	TIL- BUIÐ EINS					HEY- IÐ
		EINS UM 6 DVÆLJA		DANAR HLUT ASK				SAMHL ÞEFA	
FUGL INN						GR- BEIN			
SIGR- UÐU			Þ- DYSJAB	EINK-ST					
GUA		LEIÐI						ATT	
					TÖNN			GAN	



Lausn á síðustu krossgátu

	ROLEG ER- INGI	Þ	TÉKKL BÍLL	GR	SAM- KYN- MNEIG KONA	KVEN- NAFN TÖNN	2EINS UM 2 EINS	SAM- HL.	G	MARGT
Ö- VAR- KART	Ö	G	A	T	I	L	E	G	T	Ö
HÁ- SKOLA MANNI	L	A	G	A	N	E	M	A	EINS ATT	T
FLAUT ILM- AR	Í	L	T	A	S	M	A	N	I	A
ANGAR	A	N	G	A	R	B	A	G	A	L
MAL- FA ORB REDA	A	G	A	S	I	A	FULLT HÚS	LIT- LÍM		
FLJÓT BLÖMA	P	Ö	E	A	H	A	G	RYK		
ERINDI	E	R	I	N	D	I	PÚRRA			
RÖ	EINS	Y	N	G	I	S	M	Æ	R	
STÖR	H	R	I	F	I	N	SÁL- AR			
AVIÐ LEIK- LUR	A	T	N	E	I	P	Y	L	A	
L A N	H	A	P	P	L	Ò	A	N		
R	E	R	P	I	L	I	N	D		
R	TALA FLJÓT	I	V	I	N	D	A			
RAPP- ARA KUNST- UTAN	A	N	L	A	R	U	S			



Kjúklingasúpa og eðal fiskréttur

Sælkeri vikunnar býður upp á tvær uppskriftir, önnur er að æðislegri kjúklingasúpu og hin af eðalfiskrétti eins og hún orðar það.

Kjúklingasúpa fyrir 4

1 msk ólífufóla
100 g beikon, skorið í bita
400 grjúklingabringur, skorið í bita
1 laukur, saxaður
2 stór hvítlaukur, söxuð
2 stórar gulrætur, afhýddar og sneiddar
400 g sæt kartafla, afhýdd og skorið í munnbita
2 tsk orenganó krydd
2 tsk basiliku krydd
1 tsk rósmarín krydd
1 tsk dillfræ
2 lárviðarlauf

2 msk hvítvínedik
2 l vatn
2 stk kjúklingarkraftar
2 msk tómattykkni
Handfylli af steinselju söxuð
Salt og pipar

Hitið olíu í potti við meðalhita, steikið beikonið og kjúklinginn og leggið svo á eldhúspappír. Steikið laukinn, gulræturnar og sætu kartöflurnar þar til þær verða mjúkar í gegn. Bætið kryddunum út í og eldið í 1-2 mín. hellið þá edikinu saman við og látið það gufa upp. Bætið vatninu og kjúklingarkraftinum útí og látið malla í 30-40 mín. Bætið þá tómattykkninum, beikoninu og kjúklingnum saman við og látið malla í 15 mín. Kryddið með salti og pipar og stráið steinselju yfir.

Gratín fiskréttur Fyrir 6

300 g smálúða
300 g skelflettur humar
300 g hörpuskelfiskur
300 g rækjur
½ laukur
Sveppir
2 dl hvítvín
2dl vatn
Rifinn ostur

Sósa:
2 dl rjómi
½ búnt steinselja söxuð
30 g smjör
30g hveiti
Salt og pipar
Fiskikraftur
2 eggjarauður

Smyrjið stóran þykkbotna pott



að innan með olíu, skerið lúðuna í meðalstórabita. Saxið laukinn og sveppina og setið í pottinn. Leggið lúðuna, hörpuskelina og humar í pottinn. Hellið víninu og vatninu yfir og bíðið þar til suða kemur upp. Takið af hitanum og látið standa undir loki í 3-4 mín. Færið fiskinn upp á þurrt stykki og síðan í eldfast mót ásamt rækjunum. Sósan: Lagið smjörbollu úr smjöri og hveiti. Bætið soðinu smátt og smátt út í pottinn, bætið síðan við rjóma og

steinselju. Bragðbætið með fiskikrafti ásamt salti og pipar. Sjóðið upp og takið af hitanum. Setið eggjarauðurnar út í pottinn og hrærið saman. Hellið sósunni yfir og stráið rifna ostinum þar yfir. Setjið undir grill í miðjum ofni í 5 mín eða þar til osturinn smá brúnast. Berið fram með kartöflum eða hrísgrjónum og brauði.

Ég skora á Salome E. Ingólfsdóttir að verða næsti sælkeri vikunnar hjá BB.



Útskriftarferð til Vigur

Elsti árgangur leikskólans Eyrarskjóls á Ísafirði fór í útskriftarferð í Vigur með Sjöferðum Hafsteins og Kiddýjar í einmuna veðurblíðu undir lok síðustu viku. Hópurinn taldi 22 börn og þrjár fóstur ásamt þremur börnum og einni fósturu frá Flateyri.

Útskriftarferð leikskólabarna í Vigur hefur verið farin á hverju ári í hátt á annan áratug og hefur jafnan vakið mikla lukku hjá börnunum. Meðfylgjandi mynd af hópnum tók Þorsteinn J. Tómasson.

– thelma@bb.is

Ný lögreglusamþykkt Ísafjarðarbæjar

Ný lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarbæ var samþykkt á síðasta fundi bæjarstjórnar. Kemur hún í stað lögreglusamþykktar frá árinu 2002 og er byggð á reglugerð um lögreglusamþykktir frá árinu 1998.

Eins og fram kemur í lögum um lögreglusamþykktir tekur hún meðal annars á reglu og velsæmi á og við almannaferi, opunar- og lokunartíma veitingastaða, skemmtanahaldi,



verslun og annarri atvinnu á almannaferi og meðferð dýra til þess að varna því að tjón hljótist af þegar skepnur ganga lausar eða eru í vanhriðu.

Lögreglusamþykktin hefur verið send ráðuneyti til staðfestingar og hefur hún því ekki enn tekið gildi.

– thelma@bb.is



TOP N+ ... betra gler
Gasfyllt gler, aukin einangrun.

Glerverksmiðjan Samverk ehf
Eyjasandi 2, 850 Hella
sími: 488-9000 • fax: 488-9001
www.samverk.is • samverk@samverk.is

Full búð af nýjum vörum ! Frábært verð !

Vönduð heilsurúm með svæðaskiptu pokagormakerfi.



Nature's Rest

Dýna, botn og lappir:
90x200 cm kr. 65.900,-
100x200 cm kr. 69.900,-
120x200 cm kr. 75.900,-
140x200 cm kr. 79.900,-



Nature's Comfort

Dýna, botn og lappir:
100x200 cm kr. 85.900,-
120x200 cm kr. 95.900,-
140x200 cm kr. 105.900,-
160x200 cm kr. 119.900,-
180x200 cm kr. 135.900,-



Fáðu þér sæti

Hægindastólar.
Litir: hvítur, brúnn,
beige og svartur.

**Aðeins kr.
39.900,-**



Molly svefnsófi

Einnig til svartur.

**Aðeins kr.
59.900,-**

Alex sófasett

3 plús 2

Einnig til í svörtu og brúnu taui.
Fullt verð 261.000,-

Nú
aðeins
169.650
35% afsl!



3ja sæta: 190x90x85(h) cm
2ja sæta: 136x90x85(h) cm



Eitt mesta úrval landsins
af hágæða sængurverasettum!

**Betra
BAK**

Leggur grunn að góðum degi

Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566

Opið virka daga frá kl. 12-18
Laugardaga frá kl. 11-13